

Drög 21. maí 2008



NEYTENDASTOFA

## **Reglur um verðmerkingar og aðrar verðupplýsingar**

### **I. Kafli. Gildissvið.**

#### **1. gr.**

Reglur þessar taka til fyrirtækja og einstaklinga sem í atvinnuskyni selja vöru eða þjónustu til neytenda, á sölustað eða með húsgöngu- eða fjarsölu, þ.m.t. með rafrænum hætti.

Hafi Neytendastofa ekki sett sérreglur um sölu á tiltekinni vöru eða þjónustu eiga reglur þessar við.

Reglur þessar taka ekki til sölu á uppboði.

### **II. Kafli. Söluverð og verðmerkingar.**

#### **2. gr.**

##### *Söluverð.*

Á sölustað, þ.m.t. við fjarsölu, er skylt að verðmerkja vöru og þjónustu með endanlegu söluverði. Endanlegt söluverð er verð með virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það sérstaklega fram.

Ef fleiri en ein verðmerking er á vöru eða þjónustu, skal koma skýrt fram hvert er endanlegt söluverð.

Innheimti fyrirtæki sérstakan kostnað í kreditkortaviðskiptum skal það koma skýrt fram með áberandi tilkynningu á sölustað.

### **3. gr.**

#### *Verðmerkingar.*

Verðmerkja skal vöru þar sem hún er höfð til sýnis, þ.m.t. í búðargluggum, og þjónustu þar sem hún er boðin.

Verðmerking skal vera skýr, aðgengileg og greinileg svo augljóst sé til hvaða vöru eða þjónustu verðmerkingin vísar. Óheimilt er við hillumerkingu á vörum að setja aðra vöru við merki en þá sem verðmerkið vísar til.

### **4. gr.**

#### *Verðmerking á vörum.*

Gefa skal upp verð á hverri pakkningu eða sölueiningu. Verðið skal setja á vöruna sjálfa, á viðfestan miða eða á umbúðirnar. Einnig er heimilt að verðmerkja vörur með hillumerki, skilti eða verðlista enda uppfylli slíkar verðmerkingar skilyrði 3. gr. þessara reglna.

Auk söluverðs er skylt að gefa upp verð vöru á hverja viðurkennda mælieiningu skv. reglum sem gilda þar um.

Um verðmerkingar á útsölu eða þegar önnur tilboð eru boðin neytendum fer nánar samkvæmt reglum nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

### **5. gr.**

#### *Verðmerking á þjónustu.*

Skýr verðskrá yfir alla framboðna þjónustu skal ávallt vera til staðar þar sem þjónustan er veitt. Skal verðskráin birt með áberandi hætti á sölustað.

Í þeim tilvikum sem fjöldi þjónustumöguleika gerir seljanda ókleift að birta verðskrá skv. 1. mgr. er skylt að birta útdrátt úr verðskrá, þar sem fram kemur verð á helstu þjónustu, með áberandi hætti á sölustað.

Uppgefið verð á þjónustu skal innifela efniskostnað, eftir því sem við getur átt.

Veitingahús skulu ávallt hafa matseðil með verðskrá við inngöngudyr. Í upplýsingum um drykkjarföng skal jafnframt tilgreina magn.

Kvikmyndahúsum ber að taka sérstaklega fram þegar kvikmynd er auglýst ef verð á aðgöngumiða þeirrar kvikmyndar er hærra en almennt verð kvikmyndahússins.

### **III.**

#### **Aðrar verðupplýsingar.**

##### **6. gr.**

###### *Verðupplýsingar í auglýsingum.*

Uppgefið verð í auglýsingum skal vera endanlegt verð til neytenda.

Þegar auglýst er útsala eða lækkað verð á vöru eða þjónustu skal koma fram hvert hið upprunalega verð var.

Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skal gefa upp staðgreiðsluverð og þá heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtölu höfuðstóls, vaxta og kostnaðar miðað við þann lánstíma sem auglýstur er.

##### **7. gr.**

###### *Verðupplýsingar vegna neytendalána.*

Í tilboðum eða auglýsingum lánveitanda um neytendalán skal tilgreina árlega hlutfallstölu kostnaðar svo og höfuðstól, vexti, lántökukostnað og endanlegt heildarverð vöru eða þjónustu sem greitt hefur verið að lánstíma loknum. Ef lánveitandi er jafnframt seljandi vöru eða þjónustu skal við sama tækifæri einnig gefa upp staðgreiðsluverð sbr. 13. gr. laga nr. 112/1994 um neytendalána með síðari breytingum.

### **IV. Kafli.**

#### **Eftirlit, málsmeðferð, viðurlög og gildistaka.**

##### **8. gr.**

###### *Verðmerkingareftirlit Neytendastofu.*

Neytendastofa fer með eftirlit með reglum þessum. Neytendastofu er þó heimilt að fela þar til bærum aðila að framkvæma eftirlitið með þjónustusamningi í samræmi við verklagsreglur stofnunarinnar.

##### **9. gr.**

###### *Verðmerkingareftirlit seljenda vöru eða þjónustu.*

Fyrirtæki og einstaklingar sem selja vöru eða þjónustu bera ábyrgð á að framkvæmd verðmerkinga uppfylli ávallt kröfur reglna þessara og þær séu að öðru leiti í samræmi við ákvæði laga og reglna settra samkvæmt þeim.

Seljendum er skylt að nafngreina ábyrgðaraðila verðmerkinga geri Neytendastofa kröfu þar um. Ábyrgðaraðili sem verslun tilnefnir er tengiliður verslunar við Neytendastofu og ber ábyrgð á að framkvæmd verðmerkinga á sölustað og að framsetning verðmerkinga, þ.m.t. með rafrænum hætti, uppfylli skilyrði reglna þessara.

**10. gr.**

*Málsmeðferð.*

Um málsmeðferð fer samkvæmt ákvæðum stjórnarsýslulaga og ákvæðum IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins, eftir því sem við getur átt.

Ákvarðanir Neytendastofu um að leggja á stjórnvaldssektir eða dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Málskot til áfrýjunarnefndar neytendamála frestar aðför.

**11. gr.**

*Viðurlög.*

Neytendastofa tekur ákvörðun um beitingu viðurlaga við brotum á reglum þessum í formi stjórnvaldssektar eða dagsektar þegar það á við.

Sektir geta numið allt að 10 milljónum króna, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

Sektarfjárhæðir skulu að öðru leyti taka mið af alvarleika brotsins svo og hvort seljandi hafi ítrekað brotið gegn reglum þessum, lögum nr. 57/2005 og öðrum reglum settum samkvæmt þeim.

Um viðurlög, ábyrgð á greiðslu sektar o.fl. fer nánar samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005.

**12. gr.**

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 46/2000, um húsgöngu- og fjarsölusamninga og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 577/1994, reglur nr. 580/1994, reglur nr. 21/1995, reglur nr. 512/1996 og reglur nr. 580/1998.

Neytendastofa, 21. maí 2008

Tryggvi Axelsson.

Þórunn A. Árnadóttir